

## Greiðsluafkoma ríkissjóðs

janúar – júlí 2007

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu sjö mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu jókst handbært fé frá rekstri um 46,5 milljarða króna innan ársins, sem er 10 milljörðum hagstæðari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Þá er útkoman 59 milljörðum hagstæðari en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur reyndust 36,4 milljörðum hærrí en í fyrra á meðan gjöldin hækkuðu um 25,3 milljarða. Hreinn lánsfjárfjöfnuður var neikvæður um 22,3 milljarð króna, en já-kvæður um 34,1 milljarða á sama tíma í fyrra. Viðsnúningurinn skýrist að mestu leyti af 30,3 milljarða kaupum ríkissjóðs á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun og eiginfjárukningu Seðlabanka Íslands með 44 milljarða króna eiginfjárframlagi ríkissjóðs í byrjun maí.

## Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – júlí 2007

(Í milljónum króna)

	<u>2003</u>	<u>2004</u>	<u>2005</u>	<u>2006</u>	<u>2007</u>
Innheimtar tekjur	147.465	150.429	185.085	215.509	251.878
Greidd gjöld	150.807	164.139	180.985	178.257	203.570
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>-3.342</b>	<b>-15.428</b>	<b>4.100</b>	<b>37.252</b>	<b>48.308</b>
Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.	-12.059	-	-	-	-6136
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	-577	577	496	-752	-1782
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>-15.978</b>	<b>-16.005</b>	<b>4.596</b>	<b>36.500</b>	<b>46.526</b>
<b>Fjármunahreyfingar</b>	<b>17.783</b>	<b>1.840</b>	<b>11.206</b>	<b>-2.383</b>	<b>-68.846</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>1.805</b>	<b>-14.165</b>	<b>15.802</b>	<b>34.116</b>	<b>-22.320</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-18.021</b>	<b>-29.142</b>	<b>-33.343</b>	<b>-35.088</b>	<b>-36.416</b>
Innanlands	-5.612	-4.139	-14.000	-12.215	-22.217
Erlendis	-12.409	-25.004	-19.342	-22.873	-14.199
<b>Greiðslur til LSR og LH</b>	<b>-4.375</b>	<b>-4.375</b>	<b>-2.250</b>	<b>-2.310</b>	<b>-2.310</b>
<b>Lánsfjárfjöfnuður. brúttó</b>	<b>-20.591</b>	<b>-47.683</b>	<b>-19.790</b>	<b>-3.282</b>	<b>-61.047</b>
<b>Lántökur</b>	<b>24.245</b>	<b>39.386</b>	<b>13.305</b>	<b>19.735</b>	<b>53.245</b>
Innanlands	22.868	16.127	8.956	12.262	49.911
Erlendis	1.377	23.259	4.349	7.473	3.334
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>3.654</b>	<b>-8.296</b>	<b>-6.486</b>	<b>16.453</b>	<b>-7.802</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs námu 252 ma.kr. fyrstu sjö mánuði þessa árs. Það er 36,4 ma.kr meira en á sama tíma í fyrra, eða 14% aukning sé óreglulegum tekjum sleppt. Ef tekið er tillit til tilfærslu milli mánaða vegna tekjuskatts lögaðila nemur aukningin 18,7%. Skatttekjur og tryggingagjöld jukust um 12,1% að nafnvirði. Á sama tíma hækkaði almennt verðlag um 5,4% og raunaukning skatttekna og tryggingargjalda var því 6,7%. Aukning annarra rekstrartekna um 39% milli ára skýrist af auknum vaxtatekjum og öðrum lánatekjum.

Skattar á tekjur og hagnað námu 85,4 ma.kr. og jukust um 12,3 ma.kr. frá síðasta ári, eða 16,8%. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 11,7%, tekjuskattur lögaðila um 30,6% (þá er leiðrétt fyrir fyrrgreindri tilfærslu) og fjármagnstekjuskattur um 49%. Innheimt tryggingagjöld jukust um 6,8% milli ára, og dróst saman samanborið við launavísitölu. Innheimta eignarskatta nam 6,5 ma.kr. sem er 11,5% aukning frá fyrra ári. Þar af námu stimpilgjöld 5,1 ma.kr. en innheimta þeirra á árinu hefur aukist um tæpar 600 m.kr frá fyrra ári. Tekjur af stimpilgjöldum eru nú orðnar 1,5 ma.kr. hærrí en gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir tímabilið janúar–júlí.

Innheimta almennra veltuskatta gefur nokkuð góða mynd af þróun innlendra eftirspurnar. Hún nam 108 ma.kr. fyrstu sjö mánuði ársins og jókst um 8,7% að nafnvirði frá fyrra ári og 3,4% umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Tekjur af virðisaukaskatti hafa aukist um 11,5% sem jafngildir rúmlega 6% raunaukningu. Vegna lagabreytingar sem felur í sér rýmri greiðslufrest á virðisaukaskatti og aðflutningsgjöldum fer marktækni samanburðar við fyrra ár eftir því hvaða tímabil innan ársins er til skoðunar. Þegar litið er á 6 mánaða hreyfanlegt meðaltal veltuskatta kemur fram að raunbreyting er nánast engin milli ára. Af helstu einstökum liðum veltutengdra skatta er mest aukning í sköttum á olíu og þungaskatti. Mest lækkun tekna er af vörugjöldum af ökutækjum en þau skiluðu 16% minni tekjum en á sama tíma í fyrra. Nýskráningar bifreiða á fyrstu sjö mánuðum ársins voru 17% færri en á sama tíma 2006. Nýskráning bifreiða er að taka við sér og var júní þriðji hæsti mánuðurinn frá upphafi og nýskráningar í júlí 20% fleiri en í júlí í fyrra.

**Greidd gjöld** nema 203,6 milljörðum króna og hækka um 25,3 milljarða milli ára, eða um 14,2%. Mest aukning er vegna almannatrygginga og velferðarmála 6,7 milljarðar og vegna almennrar opinberrar þjónustu 5,6 milljarða. Greiðslur vegna efnahags- og atvinnumála hækka um 3,9 milljarða, greiðslur vegna heilbrigðismála um 4,6 milljarða og vegna menntamála um tæpa 2 milljarða.

**Lántökur ársins** nema 53,2 milljörðum króna og hækka um 33,5 milljarða milli ára, mest vegna 26,9 milljarða lántöku vegna kaupa á Landsvirkjun.

## Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2005	2006	2007	2005	2006	2007
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>166.490</b>	<b>202.398</b>	<b>226.953</b>	<b>18,7</b>	<b>21,6</b>	<b>12,1</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>52.322</b>	<b>73.074</b>	<b>85.365</b>	<b>15,2</b>	<b>39,7</b>	<b>16,8</b>
Tekjuskattur einstaklinga	37.096	44.648	49.887	11,4	20,4	11,7
Tekjuskattur lögaðila	5.459	14.426	14.604	-5,6	164,3	1,2
Skattur á fjármagnstekjur	9.768	14.001	20.874	54,1	43,3	49,1
<b>Eignarskattar</b>	<b>8.240</b>	<b>5.806</b>	<b>6.476</b>	<b>49,8</b>	<b>-29,5</b>	<b>11,5</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>85.557</b>	<b>99.534</b>	<b>108.189</b>	<b>19,4</b>	<b>16,3</b>	<b>8,7</b>
Virðisaukaskattur	58.491	68.842	76.738	22,5	17,7	11,5
Vörugjöld af ökutækjum	6.211	6.951	5.838	76,5	11,9	-16,0
Vörugjöld af bensíni	4.985	5.151	5.318	5,1	3,3	3,2
Skattar á olíu	2.740	3.458	3.867	-15,5	26,2	11,8
Áfengisgjald og tóbaksgjald	6.174	6.383	6.672	6,4	3,4	4,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	6.956	8.750	9.756	5,5	25,8	11,5
<b>Tollar og aðflutningsgjöld</b>	<b>1.795</b>	<b>2.457</b>	<b>3.259</b>	<b>6,2</b>	<b>36,8</b>	<b>32,7</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>396</b>	<b>430</b>	<b>1.133</b>	.	<b>8,7</b>	<b>163,5</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>18.179</b>	<b>21.097</b>	<b>22.531</b>	<b>16,2</b>	<b>16,0</b>	<b>6,8</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>252</b>	<b>173</b>	<b>530</b>	<b>30,5</b>	<b>-31,5</b>	<b>207,2</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>18.103</b>	<b>12.652</b>	<b>17.547</b>	<b>81,8</b>	<b>-30,1</b>	<b>38,7</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>239</b>	<b>287</b>	<b>6.848</b>	.	20,0	.
<b>Tekjur alls</b>	<b>185.084</b>	<b>215.509</b>	<b>251.878</b>	<b>23,0</b>	<b>16,4</b>	<b>16,9</b>

## Gjöld ríkissjóðs janúar – júlí 2007

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2005	2006	2007	2006	2007
Almenn opinber þjónusta	35.848	23.872	29.430	-33,4	23,3
Þar af vaxtagreiðslur	15.478	7.326	10.106	-52,7	37,9
Varnarmál	...	290	344	.	18,8
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	5.199	7.727	9.103	48,6	17,8
Efnahags- og atvinnumál	23.262	23.469	27.379	0,9	16,7
Umhverfisvernd	1.926	1.922	2.106	-0,2	9,6
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	266	235	258	-11,5	9,5
Heilbrigðismál	46.299	48.141	52.758	4,0	9,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	7.459	8.131	9.390	9,0	15,5
Menntamál	18.516	20.879	22.867	12,8	9,5
Almannatryggingar og velferðarmál	42.211	38.670	45.385	-8,4	17,4
Óregluleg útgjöld	...	4.920	4.551	.	-7,5
<b>Gjöld alls</b>	<b>180.985</b>	<b>178.257</b>	<b>203.570</b>	<b>-1,5</b>	<b>14,2</b>